



Til:  
Efni:  
Upplýsingar:

bygg@eyjaogmikla.is  
Re: Fw: Hólar, land undir sumarhús  
Sent: 10.12.2018 17:54:43 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018120009, Bréfalyklar: 42-0 Ums almennt

---

Tilvísun í mál: 2018120009

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Helgafellssveit, dags. 6. desember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um fyrirspurn um að byggja sumarhús í landi Hóla með tilvísun í kort sem fylgdi erindinu.

Miðað við nákvæmni þeirra gagna sem liggja fyrir í málinu telur Náttúrufræðistofnun að lóð fyrir umrætt sumarhús sé í um 700 m fjarlægð frá þekktum varpstað arna ( í hólmanum NV Hóleyjar). Stofnunin telur ekki ástæðu til að gera athugasemd við þessa staðsetningu vegna arnarvarps. Komi til þess að af byggingu sumarhúss verði þá er rétt að upplýsa lóðarhafa um að þarna sé þekktur varpstaður arna og að um hann gildi ákveðnar umgengnisreglur samkvæmt lögum, sem þarf að virða. Rétt er einnig að vekja athygli á því að vegaslóðar sem koma til álita virðast báðir fara í gegnum óraskað votlendi að hluta og þarf því a skoða verndunarákvæði skv. 61. gr. laga um náttúruvernd.

Þar sem hér er um fyrirspurn að ræða og öll gögn liggja ekki fyrir í málinu áskilur Náttúrufræðistofnun sér rétt til að koma að frekari athugasemdum ef þess gerist þörf eða breyta afstöðu sinni ef verulegar breytingar verða framangreindum fyrirætlunum.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is



Frá: Trausti Baldursson/NI.IS  
Dags: 12/07/2018 01:02:36 PM  
Til: Magnús Guðmundsson/NI.IS@NI.IS  
Efni: Fw: Hólar, land undir sumarhús.

---

----- Forwarded by Trausti Baldursson/NI.IS on 07.12.2018 13:02 -----

From: Byggingafulltrúi <bygg@eyjaogmikla.is>  
To: <magnus@minjastofnun.is>, "Trausti Baldursson" <trausti@ni.is>  
Date: 06.12.2018 23:34  
Subject: Hólar, land undir sumarhús.

---

Sælir félagar

Það hefur borist fyrirspurn um að byggja sumarhús í landi Hóla í Helgafellssveit . Meðf. mynd sýnir hvar fyrirhugað sumarhús á að vera staðsett, eins mismunandi leiðir að húsinu,

Óska ég því eftir umsögn ykkar um þessa staðsetningu .

Það væri frábært ef hún gæti borist sem allra fyrst .

Endilega sendið á mig fyrirspurnir ef einhverjar koma upp .

Kveðja  
Ragnar Már Ragnarsson  
Skipulags-og byggingafulltrúi  
Helgafellssveitar  
S. 852-7575